



## Svartá - úttekt á gróðri fyrir Arnór Þóri Sigfússon hjá Verkís

Minnisblað

Málsnúmer: 2016110010

Bréfalyklar: 42-8 Umsagnir um efnisnám og aðrar

náttúruauðlindir

Eigandi skjals: Magnús Guðmundsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 22/11/2016

Dags: 22/11/2016

Upplýsingar um viðskiptavin:

VERKÍS

Arnór Þórir Sigfússon

Ármúla 4

108 REYKJAVÍK

Sími: 4228000



Svarta\_Vadalda\_samantekt.docx Svartá - Vaðalda\_GRG\_18-11-2016.pdf

## Svartá sunnan Vaðöldu við Jökulsá á Fjöllum

### Stutt samantekt um gróðurfar

### Unnið að beiðni Arnórs Þórs Sigfússonar hjá VERKÍS

Í framhaldi af tilkynningu um matsskyldu virkjunarframkvæmdar í Svartá sunnan Vaðöldu óskaði Verkís eftir upplýsingum um gróðurfar á virkjunarsvæðinu vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir virkjunina. Neyðarlínan áttalar að virkja Svartá með því að byggja stíflu í einni af kvíslum hennar og leggja rör að litlu stöðvarhúsi við bakka Jökulsár á Fjöllum. Orkan frá virkjuninni verður notuð til að leysa af hólmi dísilknúna rafstöð sem hingað til hefur knúið mikilvægan neyðarsendi á Vaðöldu.

Meðfylgjandi er gróðurkort sem unnið er upp úr stafrænu gróðurkortu af af miðhálandi Íslands frá árinu 2014. Nýja kortið sem er í mælikvarða 1: 4.000 var uppfært á myndkort Loftmynda ehf. frá árinu 2003 eftir nýjum ljósmyndum Kristjáns Jónassonar jarðfræðings á Náttúrufræðistofnun. Gróðurkortuð er því tilgátukort byggt á fyrirbyggjandi gögnum án könnunar á vettvangi.

Landið við neðanverða Svartá er að mestu lítt eða ógróið nema meðfram árbakkanum og í hólum, einkum við fossinn Skínanda. Af landgerðum á svæðinu er helst að nefna mela (*me*) og stórgrýtt land (*gt*) í hlíðum Vaðöldu og mismunandi mikið sandorpin hraun (*hr/sa*) á flatlendinu sunnan við ána. Þar er einnig að finna sanda (*sa*) og stórgrýtt land (*gt*) ásamt þurrum og blautum áreyrum í og við ána. Á gróna landinu við árbakkana og í hólum eru til skiptis ríkjandi með mismikilli þekju, ætíhvönn L1 (*háfaxnar blómjurtir*) og deiglendi með vingli T9 (*hrossanál-vingul*). Í síðastnefnda gróðurfélaginu virðist hrossanál lítil sem engin en vingull ríkja nær einráður. Auk framangreindra gróðurfélaga er þarna einnig að finna nokkra fláka með vætumosa T30 (*vætumosar*) og T31 (*vætumosar með víði*).

Gróðurfélögin eru frekar rýr og tegundafá, nema hvannstöðið sem er gróskumikið og gefur af sér talsverða uppskeru en er viðkvæmt fyrir sauðfjárbreit. Gróðurfar við Svartá er áþekkt því sem kemur víða fyrir við bakka Jökulsár á Fjöllum.

### Flóra

Í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands sem nær yfir svæðið við Svartá neðan við fossinn Skínanda eru skráðar alls 24 mosategundir, 8 fléttur og 49 tegundir háplantna.

Á svæðinu hafa hvorki fundist mosa- né fléttutegundir sem eru á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996).

Allflestar háplöntutegundir sem skráðar hafa verið á svæðinu er algengar á landsvísu og með lágt verndargildi (1. viðauki). Nokkrar þeirra eru fjallaplöntur sem eru algengar í fjalllendi og á miðhálandinu en lítið utan þess. Má þar nefna boghæru, snækrækil og fjallakobba sem allar hafa verndargildið 2.

Tvær tegundir hafa hærra verndargildi en það er blástjarna sem er með verndargildið 4 og fjallalójurt með verndargildið 7. Hvorug þeirra er þó friðuð eða á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2008). Blástjarna finnst allvíða á Norður- og Austurlandi en er sjaldgæfari í öðrum landshlutum (Hörður Kristinsson 2008, 2010). Fjallalójurt finnst nær eingöngu við hið landræna loftslag norðan Vatnajökuls þar sem hún vex á allnokkrum stöðum.

### Niðurstöður

Landið við neðanverða Svartá er að mestu lítt eða ógróið nema meðfram árbökkum og í hólum. Gróðurfélög á svæðinu eru frekar rýr og tegundafá, nema hvannstöðið sem er gróskumikið. Gróðurfar við Svartá er áþekkt því sem kemur víða fyrir við bakka Jökulsár á Fjöllum.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki vitað um tegundir, mosa, fléttna eða háplantna sem eru friðlýstar eða á valista á fyrirhuguðu virkjunarsvæði.

### Heimildir

Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. *Vöktun válistaplantna 2002–2006*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 50. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hörður Kristinsson 2008. *Íslenskt plöntutal. Blómplöntur og byrkningar*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 51. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hörður Kristinsson 2010. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Mál og menning.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2008. *Válisti háplantna*. <http://www.ni.is/grodur/valisti> [skoðað 17.11.2016]

Garðabæ, 22. nóvember 2016

Guðmundur Guðjónsson

Rannveig Thoroddsen

## 1. viðauki

Fjöldi háplöntutegunda á svæðinu við Svartá-Vaðöldu. Tegundir eru metnar út frá algengi og verndargildi. Algengniflokkar byggja á útbreiðslu tegunda á landinu og hversu algengar þær eru á landsvísu (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Annars vegar er metin útbreiðsla á landinu (fylltur reitur) og hins vegar er metið hve mikið er af hverri tegund þar sem hún finnst (auður reitur). Verndargildi er metið út frá tíu matsflokkum (1-10) þar sem sjaldgæfar tegundir fá hátt gildi en algengar tegundir lágt gildi (Hörður Kristinsson o.fl. 2007).

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	Algengnimat	Verndargildi
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlíngresi	■■■■□□	1
<i>Angelica archangelica</i>	Ætihvönn	■■■■□□	1
<i>Antennaria alpina</i>	Fjallalójurt	■■□	7
<i>Arabidopsis petraea</i>	Melablóm	■■■■□□	1
<i>Arenaria norvegica</i>	Skeggsandi	■■■■□□	1
<i>Armeria maritima</i>	Geldingahnappur	■■■■□□	1
<i>Bartsia alpina</i>	Smjörgras	■■■■□□	1
<i>Bistorta vivipara</i>	Kornsúra	■■■■□□	1
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	■■■■□□	1
<i>Carex maritima</i>	Bjúgstör	■■■■□□	1
<i>Cerastium alpinum</i>	Músareyra	■■■■□□	1
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi	■■■■□□	1
<i>Chamerion latifolium</i>	Eyrarrós	■■■■□□	2
<i>Cystopteris fragilis</i>	Tófugras	■■■■□□	1
<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapuntur	■■■■□□	1
<i>Draba norvegica</i>	Hagavorblóm	■■■■□□	1
<i>Dryas octopetala</i>	Holtasóley	■■■■□□	1
<i>Empetrum nigrum</i>	Krækilyng	■■■■□□	1
<i>Epilobium anagallidifolium</i>	Fjalladúnurt	■■■■□□	1
<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	■■■■□□	1

<i>Equisetum variegatum</i>	Beitieski	■■■■□□	1
<i>Erigeron borealis</i>	Jakobsfífill	■■■■□□	1
<i>Erigeron uniflorus</i>	Fjallakobbi	■■■■□□	2
<i>Euphrasia frigida</i>	Augnfró	■■■■□□	1
<i>Festuca rubra</i>	Túnvingull	■■■■□□	1
<i>Festuca vivipara</i>	Blávingull	■■■■□□	1
<i>Juncus arcticus</i>	Hrossanál	■■■■□□	1
<i>Kobresia myosuroides</i>	Þursaskegg	■■■■□□	1
<i>Leymus arenarius</i>	Melgresi	■■□□□	1
<i>Lomatogonium rotatum</i>	Blástjarna	■■□□	4
<i>Luzula arcuata</i>	Boghæra	■■■■□□	2
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	■■■■□□	1
<i>Minuartia rubella</i>	Melanóra	■■■■□□	1
<i>Oxyria digyna</i>	Ólafssúra	■■■■□□	1
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	■■■■□□	1
<i>Poa glauca</i>	Blásveifgras	■■■■□□	1
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	■■■■□□	1
<i>Sagina nivalis</i>	Snækrækil	■■□□□	2
<i>Sagina nodosa</i>	Hnúskakrækil	■■■■□□	1
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	■■■■□□	1
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	■■■■□□	1
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	■■■■□□	1
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir	■■■■□□	1
<i>Saxifraga cespitosa</i>	Þúfusteibrjótur	■■■■□□	1
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	Vetrarblóm	■■■■□□	1
<i>Silene acaulis</i>	Lambgras	■■■■□□	1
<i>Stellaria crassifolia</i>	Stjörnuarfí	■■■■□□	2
<i>Thymus praecox</i>	Blóðberg	■■■■□□	1
<i>Trisetum spicatum</i>	Fjallalógresi	■■■■□□	1
		<b>Alls</b>	<b>49</b>